

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/875/EB frá 18. desember 2007 um breytingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB og ákvörðun 2000/96/EB að því er varðar smitsjúkdóma sem eru skráðir í þessum ákvörðunum ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið 1. mgr. 16. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB) í bókun 31 við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 D 0875:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/875/EB frá 18. desember 2007 (Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 48).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2008 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. 161, 23.6.2005, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.